

Rithöndin

Ákveðin og með litríkar tilfinningar

Þú ert samkvæmt skriftinni mjög ákveðin og dálítið stíf í lund. Skapið mikið og nokkuð hart ef á þarf að halda. Tilfinningar þínar eru litríkar og sterkar. Þú ert rítfær í besta lagi, en óhlífir við hvern sem er. Þú hefur stávilja og oftast góða sjálfstjórn. Þú ert óvorkunnlát við sjálfa þig, þreytu viðurkennir þú til dæmis ekki þó ástæða sé til. Þú nýtur þín best í friði og ró, þá koma hinir mildari eðlisþættir þínir fram.

náttúrunni sem oftast. Þú hefur næmt auga fyrir hinu myndræna, starf ljósmyndara ætti vel við þig. Þú ert laus við smámunasemi. Dálítið óþolinmóð muntu vera.

Þú hefur góðar námsgáfur, en hefðbundið nám er þér ekki að skapi, þar finnst mér of þröngt um þig. Heimil-

isstörf vilja verða útundan. Hinsvegar finnst þér heimilið ágætur staður til að vinna á að ýmsu öðru sem þér er hugleikið. Yfirleitt virðist þú störfum hlaðin kona. Gleymdu ekki að þú þarft líka að njóta smámunanna í lífinu.

Góða framtíð. R.S.E.

Gudrea Jónsdóttir



Andrea Jónsdóttir dagskrárgerðarmaður á Rás 2.



Tilveran og ég

Ég var alveg búinn að gleyma því hvað Morgunblaðið gat verið klickað í gamla daga. Miklu verra en það er í dag meina ég. Ef til vill væri öllum hollt að rifja upp hvernig blaðið gaf látið hér á árum áður því mig grunar heldur að grunnt sé á gamla tóna.

Ástæðan fyrir því að mér datt þetta í hug er að fyrir stuttu neyddist ég til að fletta Morgunblaðinu frá árinu 1978. Það var árið sem í-haldið tapaði borginni í eina skiptið á þessari öld. Naumt var það, maður minn lifandi og það er augljóst á Morgunblaðinu að það tók smá tíma að átta sig á hvað gerst hafði. En síðan komu líka viðbrögðin.

„Kommúnistar, kommúnistar, kommúnistar.“ Maður fletti ekki svo síðu að þetta hræðilega orð blasti ekki við með stríðsletri. Þeir sem staddir voru fjarri höfuðstaðnum gátu verið vissir um að þessi óþjóðalýður fór nú um borgina í hjörðum, reif niður, brenndi, mölv-aði rúður og tók sælgæti af börnunum. Þó væri þetta aðeins byrjunin. Í kjölfarið kæmu pólitískar ofsóknir gegn hinum hjartahreinu embættismönnum, sem aldrei hefðu leitt hugann að nokkru öðru en að þjóna, þjóna og þjóna borgarbúum, jafnvel þeim sem kysu kommúnista. Og síðan kæmi röðin að blessuðum börnunum. Innræting stéttabaráttu, heiðni og ókurteisi yrði hafin á barnaheimilunum. Enginn yrði frjálst að því að ala börnin sín upp sjálfur í guðsóttu, flengingum og góðum siðum. Nú yrði öllum smalað í stofnanirnar og gerð að einum gráum massa, sem á háttíðisdögum veifuðu rauðum fánum og héldu á myndum af Marx, Mao og Guðmundi Þ.

Þetta sumar gerðist það suður á Ítalíu að Rauðu herdeildirnar rændu og drápu þann fróma mann, Aldo Moro, sem lengi hafði verið í forustusveit Kristilegra demókrata. Hér var að sjálfsgöðu lýsandi dæmi um eðli og innræti kommúnista. Hafði ekki sá leiði Lenín látið drepa keisarafjölskylduna? Og hvernig var ekki útlitið á þeim þjóðniðingum íslenskum, sem gengið höfðu þessari hlestefnu á hönd? Flestir voru síðskeggaðir og síðhærðir og þeir sem ekki voru það voru bara að reyna að blekkja. Jafnvel var til að þetta lið væri ekki í jakkafötum. Og Morgunblaðið þvældi fram og aftur í Staksteinum, Velvakanda, fréttaskýringum og forystugreinum og þegar upp var staðið mátti ljóst vera að það voru þau Sigurjón Pétursson og Adda Bára, sem höfðu drepið Aldo Moro. Kannski ekki beint tekið í gíkkinn en söm var gjörðin því þau höfðu fellt meirihluta Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Nú en Morgunblaðið kunnir á svona kauða og tókst með undirferli og lágvörðu að espa hvern gegn öðrum í hinum nýja meirihluta. Þá var hringt í Sjöfn að kveldi og hún fengin til að segja einhverja dauðans vitleysu. Svo var hringt í Guðrúnu og henni lesin vitleysan og beðin um athugasemd. Og þannig var meirihlutinn kominn í hár sam- an um leið og Morgunblaðið kom út án þess að vita almennilega af því sjálfur. Vonandi hafa menn lært.

Sviðsljós

Tvær sýningar opna á Kjarvalsstöðum um helgina

Laugardaginn 9. apríl verða opnaðar á Kjarvalsstöðum sýningar á verkum Huldu Hákon í vestursal og Ólafs Gíslasonar í miðsal.

Hulda Hákon hefur undanfarin 10 ár tekið virkan þátt í íslensku listalífi og haldið fjölmargar einkasýningar á Íslandi, Norðurlöndum og Þýskalandi. Hún hefur einnig tekið þátt í samsýningum víða um heim.

Hulda hefur undanfarin ár mest unnið við gerð lágmynda, þar sem hún vinnur saman mynd og texta. Í lágmyndum sínum hefur hún sett manneskjuna í öndvegi og gert ýmsa þætti mannlegrar tilveru að viðfangs-efni sínu.

Á sýningu Huldu að þessu sinni er þó umfjöllunarefnið af öðrum toga. Hún sýnir myndir af eldi og blómum bæði í þrívídd og í málverki.

Ólafur Gíslason hefur haldið einkasýningar í Reykjavík og víða erlendis og tekið þátt í samsýningum.

Sýning Ólafs að Kjarvalsstöðum ber heitið „Vernissage“. Á nútímamáli þýðir það einkum „sýningaropnun“ en getur líka haft merkinguna „að skoða myndir áður en þær eru lakkaðar“ og vísar þá til þess þegar listamenn bjóða vinum og kunningjum að skoða verk sín áður en sjálf sýningin hefst. Þessi sýning Ólafs er þriðja sýning hans um þetta þema.

Í austursal eru sýnd verk eftir Jóhannes S. Kjarval úr eigu Reykjavíkurborgar. Í vestursal stendur yfir ljóðasýning Ólafs Kárasonar.

Allar þessar sýningar standa yfir til 8. maí og eru opnar daglega frá kl. 10-18.



Tinna Gunnlaugsdóttir og Lilja Guðrún Forvaldsdóttir í blutverkum sínum í Gauksbreiðrinu, sem frumsýnt verður í Þjóðleikhúsinu 14. apríl n.k.

Gaukshreiðrið frumsýnt

Leikritið Gaukshreiðrið eftir bandaríska rithöfundinn Ken Kesey verður frumsýnt á stóra sviði Þjóðleikhússins 14. apríl n.k. og er þetta jafnframt síðasta frumsýning Þjóðleikhússins á þessu leikári. Sagan vakti mikla athygli þegar hún kom út í upphafi sjöunda áratugarins og þótti tímamótaverk. Verkið er í leikgerð Dale Wasserman og í þýðingu Karls Ágústssonar.

Með helstu hlutverk fara Pálmi Gestsson, Ragnheiður Steindórsdóttir

og Jóhann Sigurðarson. Önnur veigamikil hlutverk eru í höndum Sigurðar Skúlasonar, Hilmars Jónssonar, Hjálmars Hjálmarssonar, Halldóru Björnsdóttur og Erlings Gíslasonar. Fjöldi annara leikara Þjóðleikhússins koma við sögu. Tónlist er eftir Lárus Grímsson, lýsingu annast Björn Guðmundsson. Leikmynd og búninga hannaði Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir og leikstjóri er Hávar Sigurjónsson

Fyrsta einkasýningin

Dagana 9. til 25. apríl nk. verður sýning á olíumálverkum Margrétar Sveinsdóttur í Gallerí 1 1, að Skólavörðustíg 4 í Reykjavík

Margrét útskrifaðist úr málaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1988 og var við framhaldsnám við Valands Konsthögskola Göteborgs Universitet 1988-1990.

Þetta er fyrsta einkasýning Mar-

grétar í Reykjavík en áður hefur hún haldið einkasýningu í Gautaborg og Stokkhólmi og tekið þátt í samsýningum á Ísafirði, í Gautaborg og Stokkhólmi.

Opnun sýningarinnar verður laugardaginn 9. apríl kl. 16-18, en sýningin verður opin frá kl. 14 - 18 aðra daga.

Guerilla Girls frá New York í Nýlistasafninu

Laugardaginn 9. apríl opnar sýning Lá veggspjöldum Guerilla Girls í Nýlistasafninu, Vatnstíg 3b. Guerilla Girls er hópur myndlistakvænna búsettur í New York. Þær vinna undir nafnleynd og koma ætíð fram með grimur fyrir andlitinu. Vinnuföt þeirra eru stuttir þröngir kjólar, háhælaðir skór og góríllugrímur.


Eins og heitið gefur til kynna vinna Guerilla Girls með sama hætti og skæruliðar; markvisst og fyrirvaralaust. Þær setja upp veggspjöld, dreifa límíðum, auglýsa í tímaritum, gefa út jólakort og myndbönd ásamt því að koma fram á fyrirlesturum og í sjónvarpsumræðubáttum. Inntak verka þeirra er gagnrýni á ráðandi gildismat innan myndlistakerfisins. Mörg veggspjöld þeirra eru með tölfraðilegum samanburði á stöðu karla, kvenna og litaðra í myndlistarheimi New York borgar sem er ein aðalmeðja myndlistar í heiminum. Veggspjöldin eru undirrituð „Guerilla Girls, samviska myndlistarheimsins“.

Þau veggspjöld sem verða til sýnis í Nýlistasafninu eru 30 að tölu og eru frá árunum 1985-1990. Sýningin hefur verið sýnd á hinum Norðurlöndunum og hvarvetna verið hvati að umræðum um stöðu kvenna í myndlist.

Samhliða sýningu Guerilla Girls sýna Svala Sigurleifsdóttir og Inga Svala Þórisdóttir ný verk.

Í efri sölu safnsins verður sýning á verkum úr eigu Nýlistasafnsins.

Sýningarar eru opnar alla daga frá kl. 14 - 18 og þeim lýkur sunnudaginn 24. apríl.



Ný skemmtileg bók er komin út Jónasarlímurur

Fyrir skömmu kom út hjá Hörpuútgáfunni ný bók eftir Jónas Arnason. Allir landsmenn þekkja leikrit og söngva Jónasar og vinsældir hans eru alltaf jafn miklar. Færri vita, að Jónas hefur lengi fengist við að yrkja límurur, sem nú eru komnar út á bók. Límurformið nýtur vaxandi vinsælda og mörgum mun þykja forvitnilegt að kynna Jónasi Arnásyni á þessum nýja vettvangi.

Jónasarlímurur eru alls 140 í bókinni og birtum við hér tvær með leyfi útgefanda.

Jónas t.h. og Bragi Þórðarson útgefandi með fyrstu eintök bókanna „Jónasarlímurur“, sem kom út fyrir skömmu.

Gúmmoren á latínu

Ég man enn kvöldið er Ketu ég mætti í sömu viku og ég við hana hetti. Með glesibatt bláan gaf hún mér á hann. Það var í ágúst að áliðnum slætti.

Tveir góðir

Það er staðreynd að Glámur var strangeygður og að lengi hann Grettis beið langeygður. En Gretti mest brá er hann Glám leit og sá að hann einnig var andskoti rangeygður.